

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2451/2000

2008/EES/68/38

frá 7. nóvember 2000

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1622/2000 þar sem mælt er fyrir um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1493/1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins og settar Bandalagsreglur um vínfræðilegar vinnsluaðferðir og vinnslu, að því er varðar XIV. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1493/1999 frá 17. maí 1999 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1622/2000 ⁽²⁾, einkum 43. gr. og 46. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 4. lið C-þáttar V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1493/1999 er kveðið á um að hækka megi mörk vegna aukningar á alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál um 1% á árum þegar veðurskilyrði eru einstaklega óhagstæð.
- 2) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1622/2000 er tilgreint að þessi óhagstæðu ár og hlutaðeigandi vín-ræktarsvæði, landsvæði og yrki skuli vera eins og fram kemur í XIV. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Vegna einstaklega slæms veðurs í vínræktarhéruðum Breska konungsríkisins á árinu 2000 leyfa mörkin vegna aukningar á náttúrulegum alkóhólstyrkleika, sem mælt er fyrir um í E-þætti V. viðauka, ekki framleiðslu á víni þar sem venjulega væri eftirspurn eftir á markaði. Því skal Breska konungsríkinu heimilað að auka náttúrulegan alkóhólstyrkleika miðað við rúmmál um allt að 4,5% miðað við rúmmál og skal árið, sem þessi undanþága á við, ásamt öðrum viðeigandi upplýsingum, skráð í XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnar-nefndarinnar um vín.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi bætist hér með við XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1622/2000:

	„Ár	Vínæktarsvæði	Landsvæði	Yrki (ef við á)
1.	2000	A	England, Wales	Auxerrois, Chardonnay, Ehrenfelser, Faber, Huxelrebe, Kerner, Pinot Blanc, Pinot Gris, Pinot Noir, Riesling, Schonburger, Scheurebe, Seyval Blanc og Wurzer“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 282, 8.11.2000, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2006 frá 2. júní 2006 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 7.9.2006, bls. 39.

(¹) Stjtið. EB L 179, 14.7.1999, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 194, 31.7.2000, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.
